

Ed.

64. Frumvarp til laga

[59. mál]

um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Á árinu 1983 er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að afla innlends lánsfjár að fjárhæð allt að 200 milljónum króna. Kemur heimild þessi til viðbótar fyrri heimildum til öflunar innlends lánsfjár á árinu 1983.

Í þessu skyni er heimilt að gefa út til sölu innanlands skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvixla.

2. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini má gefa út með verðtryggingu miðað við vísitölu sem fjármálaráðherra ákveður, gengi erlendra gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun.

Fjármálaráðherra getur ákveðið að gefa út ríkisvixla sem greiðast skulu eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi, sem þó má ekki vera lengri en 12 mánuðir. Fjármálaráðherra getur ákveðið forvexti af vixlum þessum. Hann getur einnig ákveðið í stað forvaxta að vixlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkvæmt tilboðum. Um vixla þessa skulu gilda almennar reglur laga um eiginvixla.

3. gr.

Lánsskjöl skv. 2. gr. skulu vera stimpilgjaldsfrjáls. Um skattalega meðferð þeirra gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Fjármálaráðherra getur falið Seðlabanka Íslands að annast útgáfu og sölu lánsskjala skv. 2. gr.

Ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara skulu gilda um ríkisskuldabréf, spariskírteini ríkissjóðs og ríkisvixla sem síðar kunna að verða gefin út.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur eins og kunnugt er gripið til ýmissa aðgerða til stuðnings við húsbýggjendur. Meðal þessara aðgerða er 50% hækkun lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem slík lán hafa fengið á árinu 1981 eða síðar. Er reiknað með að þessi viðbótarlán

muni auka fjármagnspörf húsnæðislánakerfisins um 200 til 250 milljónir króna á þessu ári. Er nauðsynlegt að mæta þessum útgjöldum með auknum lántökum innanlands og er því lagt til að heimilud verði 200 milljón króna aukin lántaka innanlands á árinu.

Í fjárlögum fyrir árið 1983, 6. gr. lið 2.1, er fjármálaráðherra heimilað að gefa út til sölu innanlands spariskírteini og/eða ríkisskuldabréf að fjárhæð allt að 200 milljónum króna. Þá er til viðbótar heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1983 til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 milljónum króna, sem skiptist þannig að 85 m.kr. var fyrirhuguð lántaka hjá lífeyrissjóðum og 103 m.kr. var fyrirhuguð sala verðtryggðra bréfa til lánastofnana.

Þegar er búið að selja spariskírteini að nafnverði 64 m.kr. Markaður fyrir spariskírteini ríkissjóðs hefur verið fremur erfiður. Kaup lánastofnana á verðtryggðum bréfum ríkissjóðs hafa heldur ekki skilað því sem vonast var til. Það sem af er árinu hafa aðeins selst slík verðbréf að andvirði 17 m.kr. Samkvæmt framansögðu eru því ónýttar eldri heimildir til öflunar ríflega 200 m.kr. innlands lánsfjár.

Í ljósi minnkandi eftirspurnar eftir þeim verðbréfum sem til sölu hafa verið og brýnnar lánsfjárþarfar, m. a. vegna aðgerða í húsnæðismálum, sýnist nauðsynlegt að örva markað fyrir þessi bréf með því að auka fjölbreytni í formi þeirra og kjörum.

Fyrirhugað er að bjóða til sölu þrjár tegundir skuldarviðurkenninga ríkissjóðs. Í fyrsta lagi spariskírteini verðtryggð miðað við lánsklaravísitölu í svipuðu formi og verið hefur. Í öðru lagi verðbréf bundin gengisskráningu erlends gjaldeyris og myndi í því sambandi miðað við gengi þeirra gjaldmiðla og vægi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar við lánaákvæðanir sínar (SDR). Í þriðja lagi ríkisvixla til 2—12 mánaða sem héldu óbreyttu nafnverði allan lánstímann en bæru forvexti sem yrðu ívið hærri en almennir forvextir af vixlum eða yrðu boðnir til sölu og seldir þannig að forvextir réðust af markaðslögmálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að viðbótarútgáfa innlendra skuldarviðurkenninga ríkissjóðs megi nema allt að 200 milljónum króna á árinu 1983, fyrst og fremst vegna aukningar á útgjöldum til húsnæðismála.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum er þörf á að leita nýrra leiða við útgáfu og sölu á skuldarviðurkenningum ríkissjóðs. Sérstaklega er þörf á að opna möguleika á sölu skammtímalánsskjala á innlendum markaði. Í 2. mgr. er því gert ráð fyrir heimild til sölu ríkisvixla.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er fjármálaráðherra heimilað að gefa út gengistryggð bréf, auk þess sem útgáfa verðtryggðra bréfa verður áfram heimil.

Með 2. mgr. er settur rammi um útgáfu ríkisvixla. Skulu þeir vera til allt að 12 mánaða eftir ákvörðun fjármálaráðherra. Ráðherra getur ákveðið hámarksforvexti af ríkisvixlum en honum er einnig heimilt að bjóða þá til sölu til hæstbjóðanda þannig að markaðurinn ráði í raun hæð forvaxtanna.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. kveður á um spimpilfrelsi ríkislánsskjala. Er það í samræmi við þá skipan sem verið hefur.

Í 2. mgr. er heimild til að fela Seðlabanka Íslands framkvæmd útgáfu lánskjálanna á svipaðan hátt og verið hefur um útgáfu spariskírteina ríkissjóðs.

Gert er ráð fyrir að ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara gildi framvegis um innlendar lántökur ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.